

Erindi 16. maí 2019

Beiðni um styrk vegna Menningarhúsadagsins 23. maí 2019

Menningarfélag Akureyrar óskar eftir 500.000 króna styrk til að standa straum af kostnaði vegna Menningarhúsadagsins sem fer fram í Hofi á Akureyri 23. maí næstkomandi.

Menningarhúsadagurinn er ráðstefna fyrir og um menningarhús á Íslandi. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur dagur er haldinn og er öllu starfsfólki húsa, sem skilgreina sig sem menningarhús, boðið að koma og taka þátt í ráðstefnunni, hvort sem þau eru rekin fyrir opinbert fé eða ekki. Allir eru velkomnir og ætti flest starfsfólk menningarhúsa að finna eitthvað við sitt hæfi. Hér fyrir neðan er dagskrá ráðstefnunnar. Menningarfélag Akureyrar stendur fyrir ráðstefnunni og sér um skipulag hennar. Menningarhúsum á Norðurlöndunum hefur verið boðið sérstaklega til Íslands til að sækja ráðstefnuna og hafa 35 fulltrúar frá 16 menningarhúsum boðað komu sína.

Óskað er eftir stuðningi til að standa straum af kostnaði vegna kaffiveitinga og fyrir tvö skemmtiatriði. Menningarfélag Akureyrar leggur til húsnæði og vinnuframlag vegna ráðstefnunnar.

Með kveðju

Puríður Helga Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri MAK

S: 450 1007 | www.MAK.is

Hof | Strandgötu 12 | 600 Akureyri

Dagskrá:

9:00 - 10:00 **Fyrirlestrar**

Ávarp: Menntamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, gefur okkur innsýn í eigið starf ásamt því að segja frá starfsemi Hörpu.

Hvernig er samstarfi menningarhúsa í Noregi háttað?

Björgvín Thorsteinsson, forstjóri Olavshallen í Þrándheimi í Noregi.

10:00 - 10:15 **Kaffihlé**

10:15 - 12:00 **Fyrirlestrar**

Holt, heimasprottið menningarhús

Sigurvald Ívar Helgason og Birta Þórhallsdóttir reka menningarhúsið Holt á eigin heimili á Hvamstanga.

Leikhús, símfóníuhljómsveit og menningarhús undir einum hatti.

Puríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri MAK, Þorvaldur Bjarni stjórnandi Símfóníuhljómsveitar Norðurlands, Marta Nordal leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar og Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri.

Hvers vegna menningarhús?

Karítas Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Ef menningarhús er lausnin, hvert er þá vandamálið?

Pórgnýr Dýrfjörð stjórnar umræðum.

12:00 -13:00 **Hádegismatur, 1862 Nordic Bistró býður gestum menningarhúsadagsins gott hádegisverðartilboð.**

13:00- 15:00 **Kynningar, heimsóknir og smiðjur**

Menningarhús á Norðurlöndum. Umræður og kynningar frá forstjórum menningarhúsa á Norðurlöndunum. Fer fram á ensku.

Yes-plan. Kynning á belgísku tölvuforriti sem er sérhannað fyrir menningarhús. Erik Temmerman. Fer fram á ensku.

Samstarf við Norðurlönd. Kynning á norrænum styrkjamöguleikum. María Rut Reynisdóttir.

15:00 -15:30 **Kaffihlé**

15:30 -17:00

Kynning frá miðasölufyrirtækinu TIX. Sindri Már Finnbogason

Stefnumót kollega. Viðburðastjórar, kynningarstjórar og annað starfsfólk menningarhúsa ræða sín á milli. Kristín Sóley Björnsdóttir.

Heimsóknir á Listasafnið á Akureyri og Kaktus menningarhús Guðrún Pálína og Karólína Baldvinsdóttir

Baksviðsheimsókn Tæknimenn MAk bjóða í léttar veitingar og skoðunarferð um bakherbergi Hof.

17:00 -19:00

Skoðunarferð um Hof

Hamingjustund og tónlistaratriði

19:00 - 22:00

Sameiginlegur kvöldverður og skemmtidagskrá (á eigin kostnað).

Við hlökkum til að taka á móti ykkur

Starfsfólk Menningarfélags Akureyrar.